

# SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 1. tbl. 3. árg. janúar 2007

## Leiðari mánaðarins

Sveitapósturinn er nú í fyrsta skipti sendur til allra kúabænda sem selja afurðir sínar í gegnum hið nýja rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins, Mjólkursamsöluna ehf. Sveitapósturinn hóf göngu sína árið 2005 í kjölfar sameiningar MS og MBF og er hugmyndin með útgáfunni að tryggja gott upplýsingaflæði milli framleiðenda og markaðsfyrirtækjanna. Í skoðanakönnun sem við gerðum meðal bænda á síðasta ári kom í ljós almenn ánægja með þessa útgáfu og stefnum við að því að bæta hana enn frekar á þessu ári með tilkomu Mjólkursamsölnnar.

Ritstjóri Sveitapóstsins er Páll Svavarsson ([palls@ms.is](mailto:palls@ms.is) – 569 2229) og eru allar ábendingar frá ykkur varðandi efnistöð eða góð fréttaskot vel þegnar.

## Mjólkursamsalan

Mjólkursamsalan hóf starfsemi þann 2. janúar síðastliðinn og lofar byrjunin góðu. Mjólkursamsalan tekur yfir allan þann rekstur er lýtur að mjólkursöfnun, -vinnslu og dreifingu sem var áður á vegum Norðurmjólkur, Osta- og smjöröslunnar og MS. Í rauninni mætti bæta við fjórða féluginu sem er Mjólkursamlag KS á Sauðárkróki en það félag er í nánu og miklu samstarfi við Mjólkursamsöluna.

Þetta er stór og mikil sameining sem mun reyna mikið á allt starfsfólk félagsins og því er mikilvægt að við skipuleggjum allar breytingar sem allra best. Til að byrja með verður hvað mest breyting á skrifstofuhaldi en það er verið að sameina það allt á einn stað á aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík. Á skrifstofunni verða 9 starfsmenn auk tveggja ritara.

Töluverðar breytingar voru gerðar í mannahaldi á framleiðsluviðinu. Nýr framkvæmdastjóri framleiðsluviðsins er Pálmi Vilhjálmsson sem var áður framkvæmdastjóri SAM. Sigurður Rúnar Friðjónsson er orðinn mjólkurbússtjóri á Akureyri og Egilsstöðum en við hans stöðu í Búðardal hefur tekið Sævar Hjaltason. Framundan er gænger endurskoðun á framleiðslumálum félagsins sem þeir Pálmi Vilhjálmsson og Magnús Ólafsson munu fara fyrir ásamt öðrum lykilmönnum á framleiðsluviði. Endurskoðun þessi felur í sér að skoða hvernig hagkvæmast verður til framtíðar að skipuleggja framleiðslumál félagsins.

Mjólkursamsalan hefur tekið ákvörðun um að innleiða nýtt samþætt upplýsingakerfi af Navision tegund. Með tilkomu þessa nýja kerfis munum við fá eitt samþætt kerfi í stað fjöldamargra annarra kerfa í dag. Þess er vænst að sölukerfið verði komið í gagnið í haust og mun þá sala hjá féluginu færast öll á eina hendi. Þangað til verður selt á sama hátt og verið hefur þ.e. MS Reykjavík, Osta- og smjöröslan, MS Selfossi, MS Egilsstöðum, MS Ísafirði og MS Akureyri.

## Matvælaferðlag á Íslandi

Mikil umræða hefur verið um matvælaferðlag á Íslandi síðan að danska hagstofan birti uppreiknaðar tölur fyrir árið 2005. Þar kemur fram að matvælavísitalan á Íslandi er 162 í samanburði við meðalvísitöluna 100 hjá EB-15 löndunum (þ.e. Evrópusambandslöndin mínus A-Evrópa). Þetta er nokkur hækkun frá árinu 2004 þegar vísitalan var 147 og svarar til 10% hækkunar á milli ára.

Hækkunin skýrist fyrst og fremst á sveiflum í gengi krónunnar. Ef við gefum okkur að matarverð sé fyrst og fremst tengt evru til einföldunar þá getum við skoðað meðalverð hennar eftir árum og borið saman. Árið 2004 er meðalverð evrunnar 87,14 kr en árið eftir er það 78,14 kr. Þetta þýðir að krónan hafi styrkst verulega árið 2005 eða um 10%. Ef við kíkjum á einfalt reikningsdæmi þá getum við sagt að hlutur sem kostaði 147 kr árið 2004 samsvarar á því ári 1,69 evrum. Ef verðið hefur haldist óbreytt árið 2005 hækkar verðið hins vegar í evrum og er orðið 1,88 evrum sem er 11% hækkun á milli ára. Þetta er alveg í takt við þær útskýringar sem gefnar hafa verið að hækkunin á matvælavísitölunni sé fyrst og fremst til komin vegna sterkara gengis krónunnar.

Fram hefur komið í máli talsmanna verslunar og stórkaupmanna að helsta skýringin á háu verðlagi sé hátt verðlag landbúnaðarafurða. Þetta er orðin margtuggin klisja sem hefur engar rannsóknir eða haldbærar rökstuðning annan en tilfinningu þeirra sem hafa fjallað um þetta mál.

Mér finnst athyglisvert að engir fréttamenn hafi spurt hvorki talsmenn verslunar né stórkaupmanna hvernig standi á því að á sama tíma og krónan styrkist um 10% gagnvart evru þá hækka verulega mikilvægir afurðaflokkar sem að mestu koma erlendis frá. Gott dæmi um þetta er bæði fatnaður og ávextir og grænmeti en báðir þessir afurðaflokkar eru að miklu leyti fluttir inn beint af versluninni. Þannig hækkar vísitala ávaxta og grænmetis úr 151 í 155 og fatnaður hækkar úr 147 í 163 eða um 11%. Ef þessir flokkar hefðu tekið mið af evrunni hefðu þeir átt að lækka en ekki hækka eins og þeir gera.

Með bestu kveðju,



MJÓLKURVÖRUR  
Í SÉRFLOKKI

## Innvegin mjólk 2006

Innvegin mjólk á sl. ári var 117.062.454 ltr. Það er aukning um 6,96%.

Sala umreiknuð í prótein var: 113,2 millj. lítrar. Það er aukning um 0,79%.

Sala umreiknuð í fitu var: 103,8 millj. lítrar. Það er aukning um 3,08%.



Nú hefur fyrsta nýjung ársins litið dagsins ljós, en í síðustu viku hóf MS Reykjavík framleiðslu og sölu á bragðbættri Létt súrmjólk með skógarberjabragði. Varan er án viðbættis sykurs sem ætti að gera hana vinsæla fyrir þá sem kjósa léttu línuna og hentar hún einnig flestum neytendum sem hafa mjólkur-sykurþol.



## Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:  
Guðbrandur Sigurðsson  
Ritstjóri:  
Páll Svavarsson, [palls@ms.is](mailto:palls@ms.is)  
Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.  
Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

## Gott að muna :

**Líftala:** merkir það sama og heildargerlafrjöldi.

\*\*\*\*\*

**Fríar fitusýrur í mjólk** er gæðabáttur. Mikið af fríum fitusýrum í mjólk er þekkt orsök fyrir bragðgöllum. Mjaltatækni, langar mjólkurlagnir, harkaleg meðhöndlun á mjólk, kælitækni, tíðar mjaltir og stórir mjólkurtankar eru áhrifavaldar sem hafa tilhneigingu til að valda hækkun fríra fitusýra í mjólk. Magn fríra fitusýra er gjanan hærra á sumrum en vetrum. Þröskuldsgildi fyrir bragðgalla í íslenski mjólk hefur ekki enn verið ákvarðað, en í Noregi eru mörk fyrir 1. flokks mjólk við 1,3. Meðaltalsgildi mælinga á Íslandi liggur á bilinu 0,7 – 0,8.

\*\*\*\*\*

## Rannsóknarstofa mjólkuriðnaðarins

Nýtt símanúmer:

569-1680

\*\*\*\*\*

**Verð á efnaþátt m.v. efna-  
innihald viðmiðunarmjólkur  
er eftirfarandi:**

Fita : 11,8625 kr/ltr

Prótein: 35,5875 kr/ltr

Samtals: 47,4500 kr/ltr

**Verð á fitu- og  
próteineiningu :**

Fita: 2,9731 kr/ein

Prótein: 10,6869 kr/ein

\*\*\*\*\*

**Skrifstofa Landssambands  
kúabænda** er flutt í húsnæði MS að Bitruhálsi 1 og er staðsett á 3. hæð hússins. Nýtt símanúmer er 569 2237 og faxnúmer er 569 2222. Farsímanúmer, net- og veffang er óbreytt.

GSM: 896 1995

Fax: 569 2222

[lk@naut.is](mailto:lk@naut.is)

[www.naut.is](http://www.naut.is)

## Sala hjá MS á mjólkurvörum 2006 \*

Heildarsala á mjólkurvörum hjá MS var 46,3 milljónir lítra á síðasta ári að verðmæti 6,5 milljarðar króna. Samdráttur í magnsölu milli ára er 0,69% eða 320 þús lítrar. Sumir vöruflokkar gengu vel í sölu en aðrir ekki. Nýtt sölumet var slegið í kókömjólk á síðasta ári og jókst salan um 270 þús lítra milli ára. Aðrir vöruflokkar í góðri aukningu á síðasta ári voru G-mjólk, rjómi, sýrður rjómi en þessi flokkur óx um tæp 6% í magni milli ára. Markfæði og bætiefnavörur vaxa um 19% í magni milli ára og voru allar Ab vörur sem tilheyra þessum vöruflokki mjög vinsælar hjá neytendum á síðasta ári. Drykkjarmjólk minnkaði í sölu um 1,8% á síðasta ári sem er svipað og þróunin hefur verið undanfarin ár. Aðrir vöruflokkar sem voru með minni sölu í magni árið 2006 voru bragðbættar mjólkurdrykkjarvörur, grunnréttir og tilbúnir réttir. \* sala á „gamla“ svæði MS

\*\*\*\*\*

## Sala á ostum og viðbiti 2006

Sala á ostum og viðbiti hefur aldrei verið meiri en á nýliðnu ári. Heildarsalan var 6.530 tonn, jókst um heil 335 tonn eða 5,41% sem er mesta aukning á einu ári í sögu Osta- og smjöröslunnar.



### Flokkarnir skiptast eftirfarandi:

Viðbit: 1.422 tonn, aukning um 93 tonn eða 7,02%

Ostar: 4.583 tonn, aukning um 250 tonn eða 5,76%

Duft: 415 tonn, minnkun um 18 tonn eða 4,11%

Erlendir ostar; 43 tonn, aukning um 5 tonn eða 13,27%


Kökur: 67 tonn, aukning um 5 tonn eða 7,90%

Skv. upplýsingum frá Samtökum afurðastöðva má ætla að um 4.000.000 mjólkurlítra hafi þurft til að framleiða upp í þessa söluaukningu eina og sér.

Ostur í sneiðum og rifinn ostur halda áfram að slá í gegn bæði inn á verslanamarkað og fyrirtækjamarkað en segja má að bæði einstaklingar og fyrirtæki hafi kosið að njóta hagræðis af því að fá vöruna tilbúna til neyslu.

Meðfylgjandi mynd sýnir söluaukningu á 11% Gouda osti en á síðasta ári var fyrst boðið upp á sneiðar í þessum vöruflokki.

Salan á Ostakörfum fyrir jólin gekk einnig mjög vel en rúmlega 11.000 körfur fóru til fyrirtækja og verslana.



## Innvigtun mjólkurstöðvanna á árinu 2006 og breyting frá fyrra ári

Afurðastöðvar MS	Innvigtun ltr			Breyting milli ára, %		
	Desember 2006	Sep-des 2006	Árið 2006	Des 2006	Sep-des 2006	Árið 2006
MS Reykjavík	1.143.444	4.211.597	13.772.314	1,0%	4,9%	5,9%
MS Búðardal	602.293	2.250.595	6.963.462	9,1%	11,9%	3,5%
Mjólkursamlag Ísfirðinga	117.872	479.327	1.502.017	15,7%	13,9%	7,8%
MS Blönduósi	307.258	1.135.774	3.971.050	5,4%	3,0%	1,1%
Mjólkursamlag KS	877.287	3.332.105	10.756.080	11,5%	9,3%	5,0%
Norðurmjólk	2.412.852	9.462.973	29.162.644	16,3%	17,8%	7,3%
MS Egilsstöðum*	357.363	1.317.570	4.355.650	8,2%	5,3%	1,5%
MS Selfossi	4.024.126	14.639.943	46.579.237	8,6%	12,4%	9,1%
<b>Samtals</b>	<b>9.842.495</b>	<b>36.829.884</b>	<b>117.062.454</b>	<b>9,6%</b>	<b>11,9%</b>	<b>7,0%</b>

\* Innvigtun hjá MS Vopnafirði innifalin



**Dreifingarsvæði Sveitapóstsins** stækkar vegna sameiningar og aukins samstarfs, þar með breytast efnistöð póstsins. Mjólkurframleiðendur á nýjum svæðum, Skagfirðingar, Eyfirðingar og Þingeyingar eru boðnir velkomnir til samstarfs.

Desembertölublaði Sveitapóstsins er dreift með janúartölublaði á nýju svæðin.